

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 216/2024

2024/EES/92/35

frá 23. september 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/920 frá 13. desember 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar afkomutengda kveikjuatburði og viðmiðanir fyrir kvörðun slíkra kveikjuatburða ⁽¹⁾.
- IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMBYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31blo (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/358) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31blp. **32024 R 0920**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/920 frá 13. desember 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar afkomutengda kveikjuatburði og viðmiðanir fyrir kvörðun slíkra kveikjuatburða (Stjtið. ESB L, 2024/920, 22.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/920, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2024 frá 12. júní 2024 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/920, 22.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/920/oj

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2433, 3.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/2433/oj> og EES-viðbætur nr. 72, 3.10.2024, bls. 45.